



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ármann Kr. Ólafsson
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 11. júní 2021.
Málsnr. 2105007
PBG/HH

Efni: Staða barna með fjölþættan vanda

Á 525. fundi stjórnar SSH, hinn 7. júní 2021, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Staða barna með fjölþættan vanda / málsnr. 2105007

Fyrirliggjandi er skýrsla stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu um stöðu barna með fjölþættan vanda, en hún hefur verið til umræðu hjá velferðarsviðum sveitarfélaganna undanfarið. Þá liggur fyrir bréf til félags- og barnamálaráðherra en hann mætti til vorfundar samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu sveitarfélaga hinn 7. maí sl. og var sent bréfið í kjölfar fundarins. Ráðherra hefur upplýst að boðað verði til fundar vegna málsins fljótlega. Með tölvupósti, dags. 20. maí 2021, vísaði Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar, og formaður samráðshóps velferðarsviða hjá SSH, framangreindu til umfjöllunar stjórnar SSH. Gerð er tillaga um að skýrslunni og bréfinu verði vísað til kynningar hjá sveitarfélögunum.

Niðurstaða fundar:

Stjórn hvetur til frekari umræðna og úrbóta vegna þeirra þátta sem bent er á í skýrslunni og fyrirliggjandi bréfi en um mikilvæga hagsmuni er að ræða og brýnt að leyst verði úr ágreiningi um hlutverk, ábyrgð, kostnaðarskiptingu og verklags aðila sem að þessum málum koma. Jafnframt er brýnt að úrræði fyrir þau börn sem hafa þörf fyrir og eiga rétt á þjónustu af hálfu ríkisins séu skilvirk og til staðar. Þeim kostnaðarauka sem fallið hefur á sveitarfélögin undanfarin ár vegna þessa hefur þá ekki verið mætt af hálfu ríkisins.

Er skrifstofu SSH falið að boða til kynningar- og umræðufundar fyrir kjörna fulltrúa um stöðu barna með fjölþættan vanda. Í framhaldinu verði skýrsla um stöðu barna með fjölþættan vanda, ásamt fyrirliggjandi bréfi til félags- og barnamálaráðherra send til velferðarnefndar Alþingis. Þá verði hún tekin til kynningar og umræðu hjá þeim sveitarfélögum sem ekki hafa nú þegar tekið málið fyrir.

Tilkynnist framagreint hér með.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

- a) Staða barna með fjölþættan vanda – skýrsla stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu.
- b) Bréf til félags- og barnamálaráðherra, lagt fram á fundi samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu.